

REGLUGERÐ

um Innkaupastofnun ríkisins.

73

29. marz

1. gr.

Hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins er að annast innkaup og útvegum á vörum, sem ríkisstofnanir þarfnast eða nauðsynlegar eru vegna sérstakra framkvæmda ríkisins. Óheimilt er að reka önnur viðskipti.

2. gr.

Forstjóri stofnunarinnar má ekki hafa á hendi önnur störf, er snerta verzlun og viðskipti, og ekki má hann vera í stjórn verzlunarfyrirtækja.

3. gr.

Innkaupastofnunin selur eða útvegar ríkisstofnunum allar vörur við kostnaðarverði, að viðbættum ómakslaunum, er skulu yfirleitt miðuð við það, að þau greiði kostnaðinn við rekstur stofnunarinnar.

4. gr.

Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir allar stofnanir, sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs eða hafa með höndum sérstakar framkvæmdir, sem kostaðar eru af ríkissjóði. Þessum stofnunum ber að láta Innkaupastofnunina annast innkaup sín, nema sýnt sé, að þær geti sjálfar gert hagkvæmari innkaup eða innkaupin séu þess eðlis, að rétt sé að stofnanirnar sjálfar annist þau. Ráðherra sker úr um ágreining í þessu efni og heimilar undanþágur.

Ákvæði þessi taka þó ekki til innkaupa, sem einkasölum ríkisins eru falin samkvæmt lögum.

5. gr.

Ekki má Innkaupastofnunin liggja með birgðir af vörum, sem ekki eru fyrirfram seldar. Engar pantanir má gera á vörum, nema þær séu seldar áður en pöntun fer fram. Stofnunin getur þó tekið að sér að skipta milli kaupenda vörum, sem til hægðarauka eru sendar í einni sendingu til landsins.

Öll stærri vörukaup á vegum stofnunarinnar skulu gerð á þann hátt, að auglýst sé opinberlega eftir tilboðum með hæfilegum fyrirvara. Skal jafnan tekið því boði, sem hagkvæmast getur talizt, miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála, ef ekki hindra gjaldeyris- eða innflutningsráðstafanir. Þeir, sem tilboð senda, skulu hafa rétt til að vera viðstaddir, þegar tilboðin eru opnuð. Forstjóri Innkaupastofnunarinnar, ásamt forstjóra þeirrar stofnunar, er í hlut á, sker úr um það, hvaða tilboð séu hagkvæmust.

6. gr.

Ráðherra ákveður, hversu mikið lánsfé Innkaupastofnuninni sé heimilt að hafa til umráða á hverjum tíma, og má hún ekki stofna til skulda umfram hina ákveðnu fjárhæð, nema með skriflegu leyfi ráðherra.

Innkaupastofnunin getur krafist kaupendur um fyrirframgreiðslu á pöntuðum vörum, samkvæmt þeim skilmálum, sem hún þarf sjálf að hlíta.

7. gr.

Innkaupastofnunin skal senda viðskiptamálaráðuneytinu og endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins fyrir 10. hvers mánaðar reikningsyfirlit fyrir mánuðinn næst á undan.

73

29. marz

8. gr.

Stofnanir, sem skipta við Innkaupastofnunina, skulu, eftir því sem við verður komið, senda henni áætlun um væntanlegar innkaupaparfir sínar á komandi ári, ekki síðar en 1. desember ár hvert.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 72 5. júní 1947, um Innkaupastofnun ríkisins, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. marz 1952.

Björn Ólafsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

74

31. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar, nr. 63 15. apríl 1941.

Í stað orðanna „skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert“ í 5. grein reglugerðarinnar, komi: Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. apríl ár hvert.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

75

31. marz

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Líknarsjóð kvenfélags Laugarnessóknar“, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1952. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Kvenfélags Laugarnessóknar, Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Kvenfélags Laugarnessóknar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af fjölskyldunni á Laugarnesvegi 50, til minningar um látna systur og mágkonu, Hannveigu J. Einarsdóttur, er dó 7. janúar 1946. Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúka félaga eða aðra, sem félagskonur vilja gleðja, þegar þrengir að.